



## Úr Skaglafirði

Sauðárkróki á  
sólstöðudaginn 1957.

### Gagnfræðaskóla

(Miðskóla) **Sauðárkróks** var slitið 2. júní. — Skólinn hófst 2. okt., og prófi lokið 31. maí. Skólastjóraskipti urðu á öndverðu skólaári. Sr. Helgi Konráðsson prófastur lét af skólastjórn eftir langt og lofsvert starf allt frá fyrsta ári skólans í þessu formi, og reyndar mikið kennslustarf um mörg ár áður við skólann, meðan hann var í ungmennaskólaformi. Við skólastjórn tók (a. m. k. til bráðab.) Friðrik Margeirsson.

Nemendur voru alls 62 í þrem bakkjum: Í 1. bekk 22; í 2. bekk 26, og í 3. bekk 14. Miðskólapróf tóku 14. Þar af landspróf 8; 4 með framhaldseinkunn. — Hæsta einkunn í 1. bekk hlaut Margrét Steingrímsdóttir 8,22, í 2. bekk Jósefína Friðriksdóttir 8,81, í 3. bekk Sigurður H. Guðmundsson 8,31. — Fengu öll þessi þrjú, bókaverðlaun frá Rotaryklúbb Sauðárkróks, og afhenti þau forseti klúbbsins, Ole Bang, með ræðu.

Skólastjóri flutti skólaslitaræðu. Pakkaði sr. Helga Konráðs syni fyrir skólans hönd allt hans starf. Þá einnig öðrum kennurum og starfsmönnum og kvaddi nemendur. Afhenti hann ein bókaverðlaun frá skólanum Sigfúsi Helgasyni nemanda í 3. bekk bæði fyrir lofsverða ástundun náms og ýmis störf í þágu skólaumsjár og félagslífs nemenda. Var allmargt fólk einkum úr flokki foreldra og annarra forsjármanna nemenda mætt við skólauppsögnina.

### Almennur borgarafundur

fyrir Sauðárkrókskaupstað var haldinn hér föstudaginn 14. júní um mikilvægt mál, er bæjarstjórn hefir haft með höndum síðasta misseri og mjög unnið að: Hvort kaupa skyldi hraðfrystihús til fiskvinnslu og fiskimjölsverksmiðju, er hvortveggja hafði verið rekið af einstaklingi, en hafði nú stöðvast rekstur á, og þar með dregið stórlega úr atvinnu bæjarbúa. Voru nú eftir rækilega framsögu bæjarstjórnarmanna miklar umræður um málið og ýmsar allrösklegar, og skoðanir skiptar eins og gengur. Entu umræður með því, að samþykkt var með tæpum 80 atkv. gegn 9, að bærinn kaupi hús og áhöld beggja nefndra fyrirtækja að 4/5 hlutum. Kaupverðið er alls tæpar 7 milljónir króna auk allmikilla aðgerða og viðbótar, sem nauðsynlegar eru taldar af sérfróðum mönnum til að tryggja rekstur til frambúðar. Sé fyrirtækið svo rekið sem ein heild undir nafninu „Fiskiðjuver Sauðárkróks“, sem sameign bæjarins og fyrrverandi eiganda með hlutföllunum 4/5 : 1/5. — Verður nú hafin vinna á ný með fisk úr Norðlendingi, sem einmitt er nú í dag kominn inn með afla. Er hér að visu annað fiskvinnsluhús starfandi. En talið er, að hin brýnasta almenn atvinnunauðsyn sé á, að bæði fyrirtækin séu starfandi, eins og séð verður af viðhorfi fundarins til málsins. — Framkvæmdastjóri fyrirtækisins mun vera ráðinn Páll Þórðarson frá Flateyri.

### Sundlaug Sauðárkróks

var tekin í notkun með hátíðlegri vígsluathöfn um náttmálskeið þriðjudaginn 11. júní. — Laugin er staðsett hér á „Flæðunum“ í suðvesturjaðri kaupstaðarins. Skammt frá íþróttavellinum. Fer vel á því. — Við athöfn þessa var fjöldi manns. Kirkjukór Sauðárkróks undir stjórn Eypórs Stefánssonar söng allmörg lög út yfir mannfjöldann í kyrrð kvöldsins. Ræður fluttu flestir hlutaðeigandi aðilar: Formaður íþróttanefndar, Guðjón Ingimundarson, íþróttakennari, bæjarstjóri, Björgvin Bjarnason, íþróttafulltrúi, Þorsteinn Einarsen, forseti bæjarstjórnar, Pétur Hannesson, formaður ungmennafélagsins „Tindastóll“, Kári Jónsson og bæjarfógeti, Sigurður Sigurðsson. Var að öllu þessu skemmtan góð. — En virkastir vígsluáðilar voru þó tveir ungir sveinar og tveir ungmeyjar á barnaskólaaldri, öll í Adams og Evu klæðum einum saman. Renndu þau sér í laugin á sömu sekúndu og syntu hana samhliða frá enda til enda fram og aftur, og af svo miklum léttleika, leikni og fegurð, að yndi var (og eigi sízt fyrir gamla sundmenn) á að horfa. Þessir frumherjar voru: *Brit Bieltvedt, Sigurbjörg Guðjónsdóttir, Erling Pétursson og Bjarni Jónsson*. Þannig var þá hin nýja sundlaug Sauðárkróks vígð — fyrir sauðkrækska bernsku og æsku fyrst og fremst, en annars fyrir allan almenning, þeirra er meira meta heilbriggt mannlíf, og þar með meira íþróttir en eiturnautnir.

Sundlaugin eða sundstæðið í heild er allmikið mannvirki og fagurt, einkum laugin sjálf. Hún er 25×8 m. að flatarmáli. Dýpt

minnst tæpur metri en mest 3 m. Stigum, rennum og körmum er haganlega fyrir komið. Gangar eru neðanjarðar meðfram laugarbotni og nokkrir klefar, er heyrja skulu íþróttavellinum til síðar, þegar byggð hefir verið allmikil bygging við austurgasl laugarinnar fyrir sundklefa og önnur herbergi þau, er með þurfa. — Heita vatnið til laugarinnar er vitanlega tekið úr hitaveitu bæjarins. Smíðið hefir staðið yfir 2—3 ár. Yfirsniður Vilhjálmur Hallgrímsson. Kostnaður mun vera orðinn um 700 þús. kr. — Greiðir ríkissjóður þar af 2%. Að öðru leyti hefir fé fengist frá íþróttasjóði (skemmtanaskattur) og með samskotum. Að lokum jafnar svo bæjarsjóður hallann.

Hér er mikill og gleðilegur sigur unninn í íþróttamálum vorum. Sú mikla gjöf, er gefist hefir, verður best þökkun í verki, því verki að nota hana vel, meðhöndla hana rétt með allri þrúðmennsku, hreinlæti og háttvísi. Gildir það um alla notendur allra slíkra hluta. — Að lokum skal sagt, að þarna var viðstaddur maður einn aldinn að árum og óvirkur við vígsluna, að því er séð varð, maður sem bjó yfir mörgum en þöglum minningum. Þess, er ungmennafélagið „Tindastóll“ einum áratug eftir aldamót hófst handa af áhuga einum saman og með ungan skólastjóra staðarins í fararbroddi og tók að byggja sundstæði af eigin rammleik með sjálfboðavinnu einni saman. Hleyptu svo í það (er fullgjört var eftir marga daga) *isköldu fjallavatni*, er Sauðáin flutti undan hjarnsköflum Molduxaskarðsins. Hófu þeir svo *sundnám* þarna — undir forustu sama manns — bæði börn og unglíngar og fullorðnir (konur og karlar), þótt

fátt væri í flokki hverjum og þótt tjaldvist væri köld í Sauðárgili og vatnið sjálft hið kaldasta, jafnvel á sólríkum dögum, því að laugin lak um botninn, þá var þó þessu framhaldið vor eftir vor, allt frá 1911. Og stundum æft í sjónum (meðfram fjörinni auðvitað) í lokin. Þarna var sýndur aðdánlegur áhugi, er beinlínis gaf þrekaun í sjálfsofn frá byrjun og hörðum sjálfsga alltaf. Og reyndar varð árangurinn í sjálfri sundíþróttinni alveg furðulegur, þar sem ekki mátti að ósekju vera í vatninu nema fáar mínútur í senn. Og þessir nemendur áttu sannarlega skilið að sjá og eignast árangur. Þetta var eigið verk, eigið framtak, eigið átak. Enginn beðinn um eyris-hjálp, hvað þá krónu eða krónur, og því síður tugi, hundruð, þúsund né hundruð þúsund króna hjálp. Sannarlega hefir aðstaðan og allt viðhorf breytt. En svo kom stríðið 1914—1918, með öllum þeim glundroða og losi, er því fylgdi. Síðan jókst sundkennsla í heitu vatni, fyrst í Steinsstaða-laug, síðan í Varmahlíð. — En sundá huginn var vakinn og lifði og hefir lifað síðan og iðkun sunds við vaxandi, betri og betri skilyrði. — En sundíþróttasaga Sauðárkróks á þarna byrjun sína.

Þetta vita fáir, er nú lifa. Og enn færri minnast, né þykir neitt máli skipta um litla hluti og „ómerkilega“, er skeðu fyrir hálfri öld. En máske sér hinn aldni og þögli þetta að einhverju leyti í bláma fjarlægðarinnar. En þó — þarna er rótin, er sundlaugin nýja og kynslóðin nýja geta látið vaxa upp af mikinn og fagran meidd sundíþróttarinnar til næstu aldamóta og lengur — lengur!

J. P. Bj.